

kr. 50.00 og skipuðum málflytningsmanni hans, hrm. Péttri Magnússyni, kr. 150.00 í málflytningslaun og stefnda sem gjafvarnarhafa kr. 30.00 og skipuðum talsmanni hans, cand. jur. Ragnari Ólafssyni, kr. 150.00 í málflytningslaun.

Miðvikudaginn 28. október 1942.

Nr. 82/1942. **Jóhann Jósefsson** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök

(Sveinbjörn Jónsson).

Heimta skaðabóta vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. ágúst þ. á. og gagnáfrýjandi með stefnu 29. s. m. Aðaláfrýjandi krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2560.00 með 6% ársvöxtum frá 16. marz 1942 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar eftir mati hæstaréttar. Svö krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Kröfur aðaláfrýjanda þykir rétt að meta þannig:

1. Lækniskostnaður er sannaður kr. 50.00.
2. Atvinnutjón aðaláfrýjanda, sem meira eða minna var frá vinnu nálægt 6 vikna tíma í júlí og ágúst 1941, þykir hæfilega metið kr. 800.00.
3. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi þykja hæfilega metnar kr. 1000.00.

Stjórnandi bifreiðarinnar A. 178 þykir hafa sýnt óvarkárni, er hann setti bifreiðina í gang, en með því að aðaláfrýjandi gætti ekki heldur fullrar varúðar, þá þykir rétt

að skipta skaðanum þannig, að gagnáfrýjandi beri hann að $\frac{1}{5}$ og aðaláfrýjandi að $\frac{1}{5}$.

Tjónið er samkvæmt framanskráðu talið kr. 1850.00, og ber þá að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 1480.00 með 6% ársvöxtum frá 16. marz 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega metinn 1000.00 krónur.

Það athugast, að glegggra hefði verið, að afstöðuuppdráttur af slysstaðnum hefði fylgt skjölum málsins.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Kaupfélag Eyfirðinga, greiði aðaláfrýjanda, Jóhanni Jósefssyni, kr. 1480.00 með 6% ársvöxtum frá 16. marz 1942 til greiðsludags og samtals kr. 1000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 30. maí 1942.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar eftir árangurslausu sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 16. apríl s. l., af Jóhanni bónda Jósefssyni, Hömrum við Akureyri, gegn Jakob Frimannssyni, kaupfélagsstjóra á Akureyri, f. h. Kaupfélags Eyfirðinga s. st. til greiðslu kr. 2560.00 auk 6% ársvaxta frá 16. marz 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins. Er upphæðin bótakrafa stefnanda vegna slyss, er hann varð fyrir 17. júlí 1941, er bifreiðin A. 178, sem þá var eign stefnds ók á stefnanda. Þá hefur stefndur verið aðvaraður um að gæta hagsmuna vátryggingarfélagsins Baltica, en hjá þessu félagi var bifreiðin A. 178 tryggð. Stefndi krefst algerðrar sýkunar.

Málsatvik eru þessi:

Bifreiðin A. 178, vöru- og mannflutningabifreið, stóð 17. júlí s. l., nokkru eftir hádegi, á Kaupvangstorgi hér í bæ, austan við benzintank torgsins. Bifreiðin var að leggja af stað, seig hægt áfram, þegar stefnandi, Jóhann Jósefsson, lenti á framskermi vinstra megin bifreiðarinnar Þetta má telja sannað á meðal annars með samhljóða vitnisburði tveggja vitna, en undir rekstri málsins hafa 3 vitni

verið leidd til upplýsingar málsatvikum. Skal nú nánar athugaður framburður vitnanna.

Vitnið Þorsteinn Jóhannesson segir, að stefnandi hafi gengið á framskerm vinstra megin bifreiðarinnar, og þegar stefnandi kom við skerminn, virtist vitninu hann fara með annan fótinn fram fyrir vinstra bifreiðarhjólið, og virtist vitninu stefnandi horfa út að kaupfélaginu, þegar hann rakst á bifreiðina.

Vitnið Pétur Jónsson skýrir svo frá, að það hafi tekið eftir því, að stefnandi var kominn í námunda við bifreiðina, og virtist ekki veita henni eftirtekt, af því hann virtist ekki horfa fram fyrir sig, og telur vitnið, að stefnandi hafi ætlað að ganga fyrir framan hana, en hún seig það áfram, að hann lenti á bifreiðinni.

Þá eru bæði þessi vitni sammála um það, að bifreiðarstjórinn á A. 178 hafi verið að tala við mann út um hægri rúðuna á hurðinni eða dyrnar á stýrishúsinu.

Vitnið Halldór Ásgeirsson heyrði stefnanda gefa hljóð frá sér, og virtist eins og hann vera að kippa að sér fæti undan vinstra hjóli bifreiðarinnar, en rétt áður hafði hann séð stefnanda á gangi á milli bifreiðanna á torginu.

Þá er að athuga afstöðu bifreiðarinnar og afstöðu stefnanda til hennar.

Á Kaupvangstorginu voru nokkrar bifreiðar, er stefnandi meiddist. Bifreiðarstjórinn telur, að margar bifreiðar hafi verið á torginu, og vitnið Halldór Ásgeirsson segir, að 3 mjólkurbílar að minnsta kosti hafi staðið þar. Að Kaupvangstorgið var ætlað til bifreiðastöðu, er in confesso.

Það er vitanlegt, að engin gangstétt er á norðurbrún torgsins, eins og umboðsmaður stefnds hélt fram undir munnlega málf lutningnum, en hins vegar er gangstétt við suðurbrún torgsins.

Það hlýtur því að vera misskilningur hjá umboðsmanni stefnanda, þegar hann heldur fram, rskj. nr. 7, að bifreiðin hafi ekið á stefnanda, er hann gekk eftir gangstéttinni sunnan við Kaupvangsstrætið. Rskj. nr. 18, myndin, sýnir greinilega gangstéttina, sem er sunnan við torgið, en aðeins mjó steinaröð er á norðurkanti torgsins. Steinarnir eru sniðskornir, eins og sést á myndinni, réttarskjali nr. 18, með það fyrir augum, að bifreiðar aki yfir þá.

Vitnið Pétur Jónsson tekur fram, að bifreiðin hafi snúið til norðurs, og þá vitanlega að norðurbrún torgsins, steinaraðarkantinum.

Um ferð þá, er bifreiðin var komin á, skal tekið fram, í viðbót við það, er áður er sagt. Vitnið Þorsteinn Jóhannesson: Bifreiðarstjórinn var byrjaður að setja bifreiðina í tengsli, og hún seig hægt áfram. Vitnið Pétur Jónsson: Bifreiðin rann 2—3 fet. Bifreiðarstjórinn: Bifreiðin rann um $\frac{1}{2}$ meter.

Af framanskráðu virðist mega draga þessar ályktanir:

1. Bifreiðin stóð á torgi, er henni var heimilt, ásamt fleirum bifreiðum.
2. Um torgið liggur enginn vegur eða gata, en gangstigur við suðurbrún torgsins.
3. Bifreiðin seig hægt af stað.
4. Stefnandinn lenti á vinstri hlið bifreiðarinnar og meiddist við það á fæti af völdum vinstra framhjóls bifreiðarinnar.

Undir þessum kringumstæðum litur rétturinn svo á, að stefnandi eigi að miklu leyti sök á því sjálfur, að hann meiddist af völdum bifreiðarinnar, og að aðalástæðan hafi verið sú, að hann leit ekki nægilega í kringum sig, enda segir vitnið Þorsteinn Jóhannesson, að hann hafi gengið norðan við tankinn og horft út að kaupfélaginu, og vitnið Pétur Jónsson, að hann virtist ekki veita bifreiðinni neina athygli, af því hann virtist ekki horfa fram fyrir sig.

Loks játar stefnandi, að hann hafi ekki tekið eftir bifreiðinni, áður en hann varð fyrir henni. Yfirleitt verður ekki annað séð en stefnandi hafi gengið á bifreiðina af óvarkárni.

En að því nú bifreiðarstjórnann, Sigtý Sigurðsson, snertir, þá heldur hann fram, að hann hafi horft fram fyrir bifreiðina og litið um leið til hægri hliðar litið eitt. En tvö vitni halda fram, að bifreiðarstjórninn hafi, um það leyti, er slysið varð, talað við mann honum til hægri handar við bifreiðina. Vitnið Þorsteinn Jóhannesson orðar þetta þannig, að bifreiðarstjórninn hafi verið að tala við mann út um hægri dyrnar á stýrishúsinu, en vitnið Pétur Jónsson, að bifreiðarstjórninn hafi verið að tala við mann út um hægri rúðuna á hurðinni á stýrishúsinu.

Þessir vitnisburðir í sambandi við þá játningu bifreiðarstjórnans, að hann veitti stefnanda ekki eftirtekt fyrr en hann ragnaði, að því er bifreiðarstjórninn segir, og hrökklaðist frá bifreiðinni, þykir benda til þess, að bifreiðarstjórninn hafi ekki sýnt fulla aðgæzlu og varkárni, og verður hann því bótaskyldur, eins og síðar verður vikið að.

Tekið skal fram, að bifreiðarstjórninum verður ekki gefið að sök, þótt hann ekki gæfi hljóðmerki, eins og á stóð.

Ber þá að athuga skaðabótakröfur stefnanda lið fyrir lið.

1. Atvinnutjón kr. 1000.00:

Stefnandi styður aðallega skaðabótakröfu sína við það, að hann hafi orðið að taka 2 syni sína úr vinnu og bakað þeim með því ca. 1700.00 kr. vinnutjón. Þó viðurkennir stefnandi, að hann hafi ekki greitt þeim kaup fyrir vinnu þeirra, en þeir hafi haft hjá honum húsnæði, fæði, þjónustu o. fl.

Stefndur hefur mótmælt því, að vinnutjónið verði metið á kr. 1000.00. Telur meðal annars, að tekjur hans af mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt hafi ekki rýrnað vegna meiðslanna og engar

upplýsingar eða sannanir séu færðar fyrir því, að hann hafi þurft að kaupa mannhjálpi við bústörfin, né upplýst, hve mikið hann hafi greitt fyrir slíka hjálpi.

Umboðsmaður stefnanda, jatar, að erfitt sé að upplýsa nákvæmlega, hvert atvinnutjón stefnanda hafi verið.

Stefnandi segist hafa legið 14 daga í rúminu og að hann hafi ekkert unnið 4—6 fyrstu dagana, er hann var á fótum, en til fullrar vinnu var hann kominn 1½ mánuði eftir að hann meiddist. Það má gera ráð fyrir, að stefnandi hafi getað haft umsjón með búi sínu, þá er hann steig á fætur, og þar sem hann lá ekki lengur í rúminu en 14 daga, verður atvinnutjón hans ekki metið hærri en kr. 500.00.

2. Bætur fyrir sársauka og þjáning kr. 1500.00.

Samkvæmt læknisvottorðinu á réttarskjali nr. 4, dags. 25. júlí 1941, meiddist stefnandi talsvert á hægra fæti framanverðum, og talsverður þroti, blámi og eymsli voru á fætinum. Telur læknir, að stefnandi verði eigi starffær fyrr en að þrem vikum liðnum, og samkvæmt læknisvottorðinu á réttarskj. nr. 5, dagsett 29. ágúst 1941, telur læknir sárin að mestu gróin og stefnanda með öllu verkfæran.

Þar sem meiðslin voru ekki meiri en hér er greint, þykir krafa stefnanda undir þessum lið allt of há, og virðist hæfilegt að meta bæturnar undir þessum lið á kr. 300.00.

3. Sjúkrakostnaður kr. 60.00.

Við þenna lið þykir ekkert athugasvert, og verður hann því tekinn til greina.

Eru þannig til greina teknar af bótakröfum stefnanda kr. 860.00, en þar af falla niður sökum óvarkárni þeirrar, er stefnandi, samkvæmt því, er áður er tekið fram, sýndi, kr. 560.00.

Ber þá stefnda að greiða stefnanda þessu samkvæmt kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 16. marz 1942 til greiðsludags og málskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, kaupfélagsstjóri Jakob Frimannsson f. h. Kaupfélags Eyfirðinga, greiði Jóhanni bónda Jósefssyni kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 16. marz 1942 til greiðsludags og í málskostnað kr. 300.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.